# Knattspyrnufélagið Þróttur
# Aðalstjórn

## Ársreikningur 2021




**Knattspyrnufélagið Þróttur**
**Engjavegi 7**
**104 Reykjavík**
**kt. 470678-0119**

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Eigið fé og skuldir | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar 1-4 | 8 |
| Sundurliðanir 5 | 10 |
| Sundurliðanir 7 | 15 |
| Leikmannaskrá | 16 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar Knattspyrnufélagsins Þróttar**

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2021 fyrir Knattspyrnudeild Þróttar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga.

Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Garðabæ, 22. júlí 2022

Löggiltur endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er starfsemi íþróttafélaga

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

*Rekstur ársins 2021*

Hagnaður varð af rekstri félagsins á rekstrarárinu að fjárhæð 38,7 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 2.2 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

*Yfirlýsing stjórnar*

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2021, efnahag 31. desember 2021 og breytingu á eigin fé á árinu 2021 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikinga.

Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnufélagsins Þróttar staðfesta hér með ársreiking félagsins fyrir árið 2021 með

Reykjavík, 22. júlí 2022

Stjórn:

## Rekstrarreikningur ársins 2021

| | Skýr | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 2 | | |
| Rekstrarstyrkir frá ÍTR, ÍBR | | 43.911.864 | 44.797.955 |
| Tekjur af Lottó/getraunum | | 14.753.124 | 8.239.228 |
| Reiknuð afnot íþróttamannvirkja | | 35.080.000 | 33.790.000 |
| Framlag frá Reycup | | 28.700.000 | 12.500.000 |
| Covid19 - úrræði | | 11.593.878 | 0 |
| Aðrar tekjur | | 33.390.459 | 48.346.883 |
| Rekstrartekjur alls | | 167.429.325 | 147.674.066 |
| | | | |
| **Styrkir til deilda** | | | |
| Reiknuð afnot íþróttamannvirkja | | 35.080.000 | 33.790.000 |
| Framlög til deilda | | 28.510.372 | 21.615.304 |
| | | 63.590.372 | 55.405.304 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og verktakagreiðslur | | 30.603.915 | 54.464.518 |
| Skrifstofukostnaður og rekstur mannvirkja | | 22.293.913 | 31.923.622 |
| Aðkeyptur akstur vegna frístunda | | 3.233.500 | 2.539.991 |
| Aðkeypt vinna við bókhald | | 1.152.227 | 4.242.633 |
| Afskriftir | | 103.343 | 25.836 |
| | | 57.386.898 | 93.196.600 |
| | | | |
| **Hagnaður (tap) ársins fyrir fjármagnsliði** | | 46.452.055 | (927.838) |
| | | | |
| **Fjármagnsliðir** | | | |
| Vaxtatekjur | | 3.893 | 1.764 |
| Vaxtagjöld | | (7.736.106) | (1.692.094) |
| Fjármagnstejkur/(-gjöld) | | (7.732.213) | (1.690.330) |
| | | | |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 38.719.842 | (2.618.168) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

| Eignir | Skýr | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir:** | | | |
| Innréttingar og búnaður, verkfæri og áhöld | | 0 | 103.343 |
| Óefnislegar eignir alls | | 0 | 103.343 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | | 6.770.748 | 15.365.172 |
| Handbært fé | 3 | 10.936.764 | 1.297.282 |
| | | 17.707.512 | 16.662.454 |
| **Eignir samtals** | | 17.707.512 | 16.765.797 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

| Eigið fé og skuldir | Skýr | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 4 | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 2.210.084 | (36.509.758) |
| | | 2.210.084 | (36.509.758) |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 13.364.251 | 27.062.338 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 2.133.177 | 26.213.217 |
| Skammtímaskuldir | | 15.497.428 | 53.275.555 |
| **Skuldir samtals** | | 15.497.428 | 53.275.555 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 17.707.512 | 16.765.797 |

## Sjóðstreymi ársins 2021

| | Skýr | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Afkoma ársins | | 38.719.842 | (2.618.168) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 103.343 | 25.836 |
| Yfirteknar skuldir deilda | | 0 | (9.500.000) |
| **Hreint veltufé (til) frá rekstri** | | 38.823.185 | (12.092.332) |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 8.594.424 | (10.960.772) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | (37.778.127) | 22.974.466 |
| | | (29.183.703) | 12.013.694 |
| **Handbært fé (til) frá rekstri** | | 9.639.482 | (78.638) |
| **Breyting á handbæru fé** | | 9.639.482 | (78.638) |
| Handbært fé í byrjun tímabils | | 1.297.282 | 1.375.920 |
| **Handbært fé í árslok** | | 10.936.764 | 1.297.282 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Knattspyrnufélagsins Þróttar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga (lög nr. 144/1994) og settar reikningsskilareglur KSÍ. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti .

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna leikmannasamninga, viðskiptasamninga, einkaleyfa og hugbúnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## Skýringar

### 2. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

**Tekjur ársins**

| | |
|---|---|
| Tekjur af reglulegri starfsemi | 132.349.325 |
| Reiknaðar tekjur vegna afnota húsnæðis | 35.080.000 |

### 3. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

### 4. Eigið fé

| | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|
| Staða 1.1 | (36.509.758) | (36.509.758) |
| Hagnaður ársins | 38.719.842 | 38.719.842 |
| Staða 31.12 | 2.210.084 | 2.210.084 |

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Laun | 23.765.186 |
| Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður | 6.838.729 |

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Þar sem áhöld, tæki og annar búnaður hefur ekki fjárhagslegt gildi í rekstri félagsins er hann gjaldfærður að fullu.